

5. gr.

117

Skipulagsskrá þessari má því aðeins breyta, að hún einhverra orsaka vegna náí ekki tilgangi sínum, en til þess að sú breyting sje gild, þarf að minsta kosti samþykki $\frac{3}{4}$ hluta atkvæðisbærra hreppsþúa, enda verði arði sjóðsins varið til einhverra opinberra almennra fyrirtækja eða framkvæmda innan hreppsins.

6. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal leitað konunglegrar staðfestingar.

Sandi, 30. janúar 1912.

Í umboði hreppsþúa.

Dantel Bergmann.

Jón Jónsson.

Olafur Proppé.

Reglugjörð

118

23. sept.

um vita, sjómerki o. fl.

I. kafli.

Um leiðarmerki.

1. gr.

Eiganda vita eða sjómerkis er skylt að halda leiðarmerki sínu í góðu standi. Hann ber ábyrgð á, að vitinn logi þann tíma, sem auglýstur hefir verið, að hann lýsi vel, að lithornum, ef nokkur eru, sje rjett fyrirkomið, að vitahús sjeu í góðu standi og jafnan svo útlits sem fyrir er mælt, og að vitanum að öðru leyti sje svo fyrir komið og hann þannig ræktur sem stjórnarráðið hefir samþykkt. Um önnur leiðarmerki á sjó og landi ber þess að gæta, að þau líti út eins og stjórnarráðið skipar fyrir um á hverjum tíma og auglýst hefir verið fyrir sjófar- endur, og sjeu ætíð þar sem þau eiga að vera.

118

23. sept.

2. gr.

Nú kemst leiðarmerki í ólag, og skal þá eigandi þess eða umráðandi tafarlaust koma því í samt lag, en sje þess eigi þegar kostur, skal gera ráðstafanir til þess, eftir því sem atvik leyfa, að eitthvað megi koma í merkisins stað til bráðabirgða, t. a. m. kveikja annað ljós, setja upp eða leggja út önnur merki. Nú verður leiðarmerki ekki komið í lag innan 12 stunda, og skal þá senda sem allra fyrst hraðboð eða símskeyti til næsta lögreglustjóra og hann síðan til stjórnarráðsins, ásamt tilkynningu um, hvaða ráðstafanir hafi verið gerðar til að afstýra slysum. Þegar merkið er komið í lag, skal aftur senda stjórnarráðinu tilkynning um það.

Nú berast stjórnarráðinu tilkynningar frá sjófarendum eða öðrum um að leiðarmerki sje í óreglu, og sætir þá umráðandi þess áminningu um að gæta þess að hafa það í reglu. Verði brestur á því oftast en eitt sinn, verður vitinn eða merkið lagt niður og jafnvel numið burt á kostnað eiganda, álitist það ráðlegt.

3. gr.

Sá, sem óskar að koma upp vita eða sjómerki, verður að senda stjórnarráðinu í tæka tíð beiðni um leyfi til þess, og skal beiðninni fylgja nákvæm lýsing á hinu fyrirhugaða merki og uppdráttur af því, hvorttveggja í tveim eintökum. Í lýsingunni skal tiltaka nákvæmlega vitastæði, tegund ljóss, lit, styrk og hæð yfir sjávarmál, gerð vitahússins, lit og stærð, logtíma, ábyrgðarmann um viðhald vitans, og önnur þau atriði, er máli kunna að skifta. Um sjómerki skal tilgreina stærð merkisins, gerð, útlit, hæð yfir sjávarmál eða dýpi, eiganda og önnur markverð atriði.

Þegar leiðarmerki er komið upp, skal tilkynna það næsta lögreglustjóra, en hann tilkynnir það aftur stjórnarráðinu.

4. gr.

Leiðarmerki má ekki breyta nema með leyfi stjórnarráðsins, og verður því eigandi, sem breyta vill merki sínu — hvort heldur legu þess, lagi eða lit, logtíma vita, einkennum eða öðru, er nokkru skiftir notkun leiðarmerkisins —, að leita leyfis til þess hjá stjórnarráðinu að minsta kosti tveim mánuðum áður en hann ætlar að koma breytingunni á. Um allar breytingar ber þess að gæta, að þær miði ekki til þess að gera merkið líkt öðrum nálægum merkjum, svo að hætta sje á að á þeim verði vilst.

5. gr.

Nú vill umráðandi ekki annast lengur viðhald merkis síns, og skal hann þá tilkynna það stjórnarráðinu með tveggja mánaða fyrirvara að minsta kosti,

Sje merkið látið falla niður, skal það numið burt svo gjörsamlega, að síðar verði ekki á því vilst. 118
23. sept

6. gr.

Stjórnarráðið hlutast til um, að framvegis verði samin skrá yfir alla vita og sjómerki landsins, og hún jafnótt aukin eða henni breytt, er ný leiðarmerki koma, eldri merkjum breytt eða þau numin burt. Þegar stjórnarráðinu þykir hæfa, verður svo vita og merkjaskrá þessi gefin út.

II. kafli.

Um farartálma.

7. gr.

Sökkvi skip eða bátur á löggiltri höfn eða á leið inn á hana, svo að skipum kunni að stafa hætta af eða farartálmi, ber að gera svofeldar ráðstafanir:

1. marka staðinn,
2. tilkynna atburðinn,
3. nema tálmann burt,

samkvæmt því sem fyrir er mælt hjer á eftir.

8. gr.

Staðinn lætur hreppstjóri eða hafnarnefnd marka. Skal það gjört svo fljótt sem kostur er, og á sem haganlegastan hátt: með merkjum á landi, duflum eða jafnvel með ljósum. Dufl uppaf skipsflökum skulu vera annað hvort grænar keilutunnur eða grænmálaðar stengur, lóðrjettar með grænu flaggi, sbr. að öðru leyti tilskipun 20. jan. 1899 um alþjóðlegar sjóferðareglur, 11. gr. Gæta skal hlutaðeigandi þess, að merkin haldist í góðu lagi og á rjettum stað, þar til tálminn er á burt numinn.

9. gr.

Jafnframt því sem markaður er staðurinn skal tafarlaust gjöra næsta lög-reglustjóra viðvart um farartálmann, og hvaða ráðstafanir hafi verið gerðar til viðvörunar sjófarendum, en hann tilkynnir þetta aftur stjórnarráðinu.

10. gr.

Jafnskjótt og kostur er á skal gera ráðstafanir til að nema burt farartálmann eða gjöra hann óskaðvænan. Annast hreppstjóri eða hafnarnefnd allar nauðsynlegar framkvæmdir í þá átt í samráði við eiganda farartálmans. Kostnað

118 þann, er af því leiðir, greiðir hlutaðeigandi hafnarsjóður, ef til er, ella lands-
 23. sept. sjóður. Fari kostnaður fram úr 300 kr. greiðir landssjóður ætíð það, sem um-
 fram er, eftir reikningi, sem stjórnarráðið úrskurðar. Kostnað af duflum til flaka-
 merkja ber þó hafnarsjóður einn, enda skulu slik dufl með öllum reiða (sbr. 8. gr.) ávalt
 vera til taks til útlagningar á þeim stöðum, þar sem hafnarreglugjörð er. Það
 sem hið opinbera (hreppstjóri eða hafnarnefnd) kann að bjarga af slíkum skips-
 flökum eða öðru því, er verðmætt kynni að vera af því, er veldur farartálma,
 skal selt við opinbert uppboð, og gengur andvirði slíkra muna, svo langt sem
 það hrekkur, upp í kostnaðinn við að nema farartálmann burtu, en verði afgang-
 ur, greiðist hann eiganda.

11. gr.

Nú verður skipaleið ófær sakir ísa, og skal þá hlutaðeigandi hafnarnefnd,
 lögreglustjóri eða hafnsögumaður tilkynna það stjórnarráðinu og gjöra því síðan
 jafnótt viðvart um allar breytingar, er á verða.

III. kafli.

Ymisleg ákvæði.

12. gr.

Þar sem hafnsögumenn eru, ber þeim skylda til að hafa gætur á, að
 allir vitar og sjómerki innan umdæmis þeirra sjeu í rjettu lagi, og gjöra næsta
 lögreglustjóra tafarlaust viðvart um hvers konar ólag eða óreglu, sem á þeim
 kann að verða. Annast lögreglustjóri síðan nauðsynlegar tilkynningar þar að
 lútandi til merkiseiganda og stjórnarráðs.

13. gr.

Á öllum hafnarstöðum, er hafnarreglugjörð hafa, og annarstaðar, er stjórnar-
 ráðinu þykir hæfa, skal vera auglýsingakassi á vel til föllnum stað, þar sem festa megi
 upp tilkynningar, er sjófarendur varða, svo sem um breytingar á vitum og sjó-
 merkjum, um farartálma á skipaleiðum, hvort heldur er af völdum íss, skips-
 flaka eða fyrir aðrar sakir. Auglýsingar þessar sendir stjórnarráðið hlutaðeig-
 andi hafnarnefndarformanni, lögreglustjóra eða hreppstjóra til birtingar.

Reglugjörð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um vita, sjómerki o. fl. **118** 11. júlí 1911, birtist hjermeð til leiðbeiningar og eftirbreytni öllum þeim, sem 23. sept. hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 23. september 1912.

H. Hafstein.

Jón Hermannsson.

Staðfesting konungs á reglum um »Gjöf Jóns Sigurðssonar«, útgefin á venju-
legan hátt að mandatum af ráðherra Íslands 16. október 1912.

Reglurnar eru þannig:

Reglur

119
16. okt.

um »Gjöf Jóns Sigurðssonar«.

1. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslum stjórnarráðs Íslands, sem annist um að hann ávaxtist.

2. gr.

Innstæða sjóðsins haldist óskert, en vöxtunum má verja til verðlauna fyrir vel samin vísindaleg rit, og annars kostar til þess að styrkja útgáfur slíkra rita, og til þess að styrkja útgáfur merkilegra heimildarrita.

Öll skulu rit þessi lúta að sögu Íslands, bókmentum þess, lögum, stjórn eða framförum.

3. gr.

Alþingi velur í hvert skifti, er það kemur saman, 3 menn, sem kveða á um, hver njóta skuli verðlaunanna.

4. gr.

Stjórnarráð Íslands semur skýrslu um ástand sjóðsins, og sendir hana til forseta hins sameinaða Alþingis.